

Fundargerð háskólaráðs

330. fundur daginn 29. maí 2013

Í stofu 262, Borgum, kl. 13-15.45

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.00.

Mættir voru auk hans:

Ingveldur Tryggvadóttir varafulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Sigrún Stefánsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, í síma
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Norman Sharp, Gæðaráði háskólanna
Stefán Jóhannsson sérfræðingur
Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Rektor kynnti dagskrá.

Norman Sharp hitti háskólaráðið áður en formlegur fundur hófst.

1. Fundargerð, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Fundargerð 329. fundar var samþykkt.

Rektor sagði frá fundi með fullrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis og HA þann 28. maí. Fundarefnið var samningur HA og ráðuneytis og viðauki við hann, og var þetta fyrri samráðsfundurinn á árinu skv. samningnum.

SDS
KJA
HEA
JMV

Rektor sagði frá nýrri skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytis um jafnrétti í háskólum á Íslandi. Háskólinn á Akureyri kemur vel út úr könnuninni. Lagt var til að skýrslan yrði rædd á háskólaráðsfundi síðar.

Rektor greindi líka frá því að HA er í 28. sæti af 80 í fyrirtækjakönnun SFR sem er mun betri staða en í fyrra.

Ólafur sagði frá því að leigusamningur háskólangs við Reiti fasteignafélag um þriðju hæðina á Borgum rennur út 2014. Með samkomulagi við forseta viðskipta- og raunvísindasviðs er unnt að segja samningnum upp og finna aðra aðstöðu fyrir starfsfólk sviðsins.

Framkvæmdastjórn er einhuga í því að stefna að því að segja upp húsnæðinu, m.a. með vísun til sparnaðar í rekstri sem af því leiddi.

Háskólaráð styður það að leigusamningi um þriðju hæð Borga verði sagt upp.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl

1303027

Úlfar dreifði yfirlitini og útskýrði það. Staða fræðasviða og stoðþjónustu er 32,67 af áætlun og staða skólangs í heild er 30,81% af áætlun, en viðmiðið er 33,33%. Reksturinn er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir og líkur á að bæði rekstur fræðasviða og stjórnsýslu/stoðþjónustu verði skv. áætlun í árslok. Sama gildir um rekstur stofnana og setra með eigin tekjur.

Úlfar ítrekaði að um útgjaldaramma er að ræða og að eftir er að færa tekjur á móti kostnaði, t.d. á sumum fræðasviðum. Rekstraráætlunin verður endurskoðuð um mitt árið.

3. Uglumál, erindi frá starfsfólk

1305027, 1210006

Rektor kynnti ályktun fræðasviðsfundar hug- og félagsvísindasviðs 15. maí og bréf frá nokkrum starfsmönnum frá 3. maí, bæði varðandi stöðu Uglunnar.

Stefán Jóhannsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Stefán fór yfir helstu punkta varðandi stöðu einstakra virknipáttu Uglunnar.

*SJH
K.P.
H.H.*

Mikil umræða varð um málið, meðal annars helstu ástæður þess að svo mörg vandamál hafa komið upp í innleiðingunni, hvað getur helst orðið til úrbóta í stöðunni, og til hvaða ráða væri hægt að grípa til styttri tíma þar til vandamálin hefðu verið leyst. Háskólaráð samþykkti eftirfarandi ályktun til Verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna sem rektor mun koma á framfæri:

„Háskólaráð HA hefur þungar áhyggjur vegna þeirra miklu erfiðleika sem háskólinn hefur lent í við innleiðingu Uglunnar – sameiginlegs skráningar- og upplýsingakerfis opinberu háskólanna.

Ekki hefur enn tekist að uppfylla lykilþætti í liðum I.b. og I.f. í viðauka 1 með samstarfssamningi um stoðbjónustu. Háskólaráð leggur mikla áherslu á að leyst verð úr þessum brýna vanda þannig að starfsemi Háskólans á Akureyri komist í eðlilegt horf. Háskólaráð skorar á Verkefnisstjórn opinberu háskólanna að grípa þegar í stað til nauðsynlegra aðgerða þannig að þetta sameiginlega verkefni „Uglan“ virki sem skyldi.“

Rektor þakkaði Stefáni fyrir og fór hann af fundinum. Ólafur og Úlfar fóru einnig af fundi.

4. Dómnefndarálit, Rachael Lorna Johnstone

1209021

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi kynnti álit dómnefndar um hæfi Rachael Lorna til að hljóta framgang dósent-prófessor. Dómnefnd metur Rachael hæfa til að hljóta framganginn.

Dómnefndaráliðið er staðfest af háskólaráði.

5. Dómnefndarálit, Markus Meckl

1210073

Bragi gerði grein fyrir áliti dómnefndar um hæfi Markus Meckl til að hljóta framgang dósent-prófessor. Dómnefnd metur Markus hæfan til að hljóta framganginn.

Dómnefndaráliðið er staðfest af háskólaráði.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum áður en háskólaráð staðfesti dómnefndarálitin.

*SAS
K.A.
HEA
JMGV*

6. Skipun fulltrúa í stjórn Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri – FÉSTA

1305042

Rektor lagði til að Dagmar Ýr Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri yrði skipuð í stjórnina og var það samþykkt. Skipunartími er tvö ár.

7. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Næsti fundur var fyrirhugaður 26. júní en hann verður færður til vegna ferðar rektors til Arkhangelsk. Nýr fundartími verður ákveðinn í samráði við fulltrúa í háskólaráði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

Królin Ísbjarnardóttir
[Signature]
Hafðis Þóra Áshjarnardóttir
[Signature]
Ingvarður Trøppavadéttir
[Signature]